


Gildandi skipulag




Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

# BREYTING - MIÐBÆR

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 verði breytt á eftirfarandi hátt:

Felldur er út möguleiki á því að grafa síki frá Torfunefshöfn inn að Skipagötu. Afmörkun miðbæjarreits 2.41.3 M og Torfunefshafnar 2.41.5 H er breytt til samræmis við tillögu að endurskoðuðu deiliskipulagi Miðbæjar. Miðbæjarreitur 2.41.2 M er stækkaður lítillega á kostnað opins svæðis 2.32.3 O í Skátagili til samræmis við núverandi (gamla) byggingu og nýtingu. Legu Glerárgötu er einnig breytt lítillega til samræmis við tillöguna.

Breytingin er sett fram á breytingarblaði þessu og eftirtöldum fylgiskjölum:

- Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018. Breyting, miðbær. Umhverfisskýrsla. 29.1.2014.
- Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018. Breyting, miðbær. Breyting á 3. kafla greinargerðar. 29.1.2014.

## Breyting á skipulagsuppdrætti

Tákn fyrir nýja strandlínu, útgrafið síki, er felld út. Miðbæjarsvæði 2.41.3 M austan Glerárgötu er stækkað lítillega. til suðurs. Afmörkun hafnarsvæðis 2.41.5 H er breytt. Mörkum reita breytt neðst í Skátagili.

Lega Glerárgötu breytt lítillega. Afmörkun aðliggjandi landnotkunarreita er lagfærð til samræmis. Breytingar á flatarmáli reita eru óverulegar.

## Breytingar á greinargerð

3. kafla greinargerðar er breytt. Sjá fylgiskjal merkt *Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018. Breyting, miðbær. Breyting á 3. kafla greinargerðar. 29.1.2014.*

Ekki er gerð breyting á almennum ákvæðum í 4. kafla skipulagsins en sérákvæðum í kafla 4.8 er breytt. Breyting á flatarmáli miðbæjarsvæðis 2.41.3 er innan skekkjumarka (2,17 ha. verður 2.22. Uppgefið flatarmál í töflu 2.2 ha).

Flatarmál 2.32.3 O breytist úr 0,6 ha í 0,4.
Flatarmál 2.41.2 M breytist úr 8,2 ha í 8,5.

### Kafli 4.8 Hafnarsvæði

**Gildandi skipulag**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| **2.41.5 H** | 2 | Torfunefshöfn | Viðlegukantar og flotbryggjur vegna farþega-flutninga | Viðlegukantar og aðstaða vegna farþegaskipa. Aðstaða fyrir smábáta og skemmtibáta sbr. kafla 4.4. |

**Breytt skipulag**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| **2.41.5 H** | **2,6** | Torfunefshöfn | Viðlegukantar og flotbryggjur vegna farþega-flutninga | Viðlegukantar og aðstaða vegna farþegaskipa. Aðstaða fyrir smábáta og skemmtibáta sbr. kafla 4.4. **Bryggjur, varnargarðar og landfyllingar skv. deiliskipulagi.** |

### Samantekt umhverfisskýrslu

Miðbær, breyting á aðalskipulagi

| | 01 | 02 | 03 | 04 | |
|---|---|---|---|---|---|
| Áhrifaþættir > V Umhverfisþættir | **Hagrænir þættir** | **Samfélagslegir þættir** | **Heilsa og öryggi** | **Ásýnd og sjónræn áhrif** | **Núll-kostur** |
| **Síki tekið út** | ★ Minni kostnaður | ★ | ★ | ★ | ★ |
| **Bílageymslur í stað bílakjallara** | ★ Minni bygg-ingarkostn. ★ Verri landnýting | ★ | ★ Öruggari lausn m.t.t. grunn-vatns og sjávarstöðu | ★ Bílageymslur verða sýnilegri | ★ |
| **Hæð byggingar 3-4 hæðir í stað 4-5 hæða** | ★ Verri landnýting | ★ Bætt dvalar-svæði m.t.t. sólar og birtu | ★ | ★ Bætt samræmi við aðliggjandi byggð | ★ |
| **Færsla á hafnar-garði og fylling** | ★ | ★ | ★ | ★ | ★ |
| **Breyting á veglínu Glerárgötu** | ★ | ★ | ★ | ★ | ★ |

★ Jákvæð áhrif
★ Neikvæð áhrif
★ Engin eða óveruleg áhrif

SKÝRINGAR

LANDNOTKUN

- Mörk skipulagssvæðis
- Þéttbýlismörk
- Íb Íbúðarsvæði
- S Svæði fyrir þjónustustofnanir
- M Miðsvæði, miðbær
- V Verslunar- og þjónustusvæði
- A Athafnasvæði
- H Hafnarsvæði, flugvallarsvæði
- I Iðnaðarsvæði
- F Svæði fyrir frístundabyggð
- Óbyggð svæði
- O Opin svæði til sérstakra nota
- R Sorpförgunarsvæði
- Hverfisverndarsvæði
- N Náttúruverndarsvæði, fólkvangur
- N Náttúruverndarsvæði, svæði á náttúruminjaskrá
- Strandsvæði í flokki B
- E Efnistökusvæði
- Landfylling
- Ný strandlína, útgrafið
- Fornminjar
- Blönduð landnotkun
- Stofnanasvæði með útivistargildi

Grunnkort:
Umhverfisdeild Akureyrar
Myndmældur hæðarlínugrunnur

ÞJÓNUSTUKERFI

- Stofnbraut
- Tengibraut
- Aðrir vegir/götur
- Aðalstígar
- Útivistarstígar
- Reiðleiðir
- Flutningslínur rafveitukerfis — Loftlínur
- Svæði fyrir háspennulínur, línufjöldi ekki tilgreindur
- Flutningslínur rafveitukerfis — Jarðstrengir
- Aðveitulögn hitaveitu
- Aðveitulögn vatnsveitu
- Útrás fráveitu
- Ljósleiðari
- Dælustöðvar fráveitu og fráveitumannvirki

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann ______________

______________________________
bæjarstjórinn á Akureyri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

þann ______________

______________________________ ______________________________

# AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018

BREYTING
Miðbær

Skipulagsdeild Akureyrarbæjar | Mælikvarði 1:10.000 | Dags. 29.1.2014

LANDSLAG
TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí
KAUPANGI V/MÝRARVEG, 600 AKUREYRI, SÍMI 461 5508, NETFANG: arni@teikna.is
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 3, 101 REYKJAVÍK, SÍMI 552 8740, VEFFANG: www.teikna.is